



Samráðsfundur með íbúum vegna nýs deiliskipulags Ásbrautar.

Íbúar við Ásbraut 15-17 og 19-21.

Fundarherbergið Fífuhvammi kl. 13:00.

Starfsmenn Kópavogsbæjar mættir: Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi, Orri Gunnarsson skipulagsfræðingur, Birkir Rútsson deildarstjóri gatnadeildar og Harri Ormarsson lögfræðingur.

Lóðarhafar mættir: Þorbergur Rúnarsson, Ásdís A. Ómarsdóttir og Þráinn L. Brynjólfsson.

Íbúar sem tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað: Pétur Björnsson og Haukur Ingvaldsson.

Fundargerð ritaði Karlotta Helgadóttir, fulltrúi skipulagsdeildar.

Fundurinn hófst á stuttri kynningu á tillögu að deiliskipulagi sem er í vinnslu hjá skipulagsfulltrúa og á gatnadeild. Gerð var grein fyrir hvar í skipulagsferlinu tillagan er stödd og hvernig ferlinu framundan verður háttað. Þar sem tillagan gerir ráð fyrir að gerðar verði breytingar á aðkomu að lóðum, gróðursetningu og fyrirkomulagi bílastæða er mikilvægt að leita sjónarmiða lóðarhafa aðliggjandi lóða á þessu stigi við mótun tillögunnar.

Orri Gunnarsson gerði grein fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til á lóðinni við Ásbraut 15-17 og 19-21. Meginmarkmið breytinganna eru að koma fyrir stofnstíg hjólræða, auka umferðaröryggi allra vegfarenda og bæta ásjýnd götunnar.

Íbúar óskuðu eftir því að bætt verði við gróðri eða girðingum til að stúka bílskýlið við Molann betur af til að minnka ónæði frá þeim sem þangað sækja. Þeir segja að ástandið hafi skánað og ónæðið minnkað með tilkomu myndavéla í bílskýlinu en þó sé enn mikið ónæði. Aðeins hafi verið settar girðingar á norðurhlið bílskýlisins en nú þurfi að fá girðingu á austurhliðina einnig. Einnig er óskað eftir því að bærinn sjái betur um tröppurnar úr bílskýlinu yfir á lóðina hvað varðar viðhald og vetrarþjónustu. Þá kom íbúi með tillögu um hvort ekki mætti hlykkja götunni út á opna svæðið til að koma í veg fyrir að breyta lóðarmörkum. Hann segir að þar sé nóg pláss, norðan sparkvallar sé fullt af malbiki sem sé „dautt svæði“ því börnin leiki sér ekki þar, lítið mál væri að færa trén sem þar séu og þá ýta leikvælinum aðeins til norðurs. Umrætt svæði er leiksvæði fyrir börn og það fær að halda sínum stað.

Fundi slitið kl. 13:45.